



Alþingi
Erindi nr. P 140/1958
komudagur 25.4.2012

Táknafjörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Alþingi nefndarsvið
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Táknafirði, 25. apríl 2012
1204039 EIS

Efni: Bókun vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, 657.mál og frumvarp til laga um veiðigjöld, 658.mál.

Á 441.fundi Hreppsnefndar Táknafjarðarhrepps þann 24.apríl, var tekið fyrir neðangreind erindi :

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657.mál
Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðigjöld, 658.mál.

Eftirfarandi var bókað :

"Hreppsnefnd tekur undir ályktun frá sveitarstjórn Skagafjarðar sem segir :

„Við undirritað vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við "umhleypingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að bræyttum aðstæðum" og segja að áformuð lagasetning muni verða "mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja". Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa "kippa stöðum undan skuldsettarí útgerðarfyrirtækjum."

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu "ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að", enda skorti enn þann "langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum".

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að "umhleypingum" með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með enn minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.

Við slíkt verður ekki unað."



Tálknafröður

Miðtúni 1, 460 Tálknafrói, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589


Þá tekur hreppsnefnd undir ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 2011 um auðlindagjald, sem segir:

" 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á Alþingi að tryggja að það auðlindagjald sem nú er innheimt af vestfirskum aflaheimildum og öll aukning þess renni til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfirðum. Auðlindagjaldið renni til rannsókna, nýsköpunar og í fjárfestingarsjóð fyrir vestfirskar byggðir."

Samþykkt samhljóða."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Eyfún Ingibjörg Sigbórsdóttir